



Fundargerð

Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn að Borgartúni 6, 3. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 15. mars 2018

Fundur settur kl. 12:00

Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Ragnheiður Ragnarsdóttir

Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalda
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2017-2018. Skýrslu stjórnar ásamt ársreikningum og öðrum fundargögnum var dreift á fundinum.

2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.

Gjaldkeri kynnti ársreikninga KVH og Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2017.

Rekstrartekjur félagsins voru kr. 78.469.598. Rekstrargjöld kr. 71.601.435. Hagnaður ársins 2017 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 7.785.904. Eigið fé í árslok 2017 var kr.43.570.747.

Tekjur/iðgjöld Vísindasjóðs eru greiddar út sem styrkir til félagsmanna hjá sveitarfélögum og til þeirra félagsmanna á almenna markaðnum sem hafa aðild að sjóðnum. Vísindastyrkir eru greiddir út í febrúar ár hvert vegna iðgjalda liðins árs. Innborganir iðgjalda árið 2017 voru kr. 39.984.967 og veittir styrkir ársins kr. 35.984.602.

Fundarmaður óskaði eftir skýringu á keyptum eignarhlut KVH í Húsfélagi BHM sf. sbr. sjóðstreymi í ársreikningi. Gjaldkeri gerði grein fyrir kaupunum á húsnæðinu sem samsvarar einu skrifstofurými og lækkar húsaleigukostnaður þar með sem nemur því rými.

Halla S. Sigurðardóttir skoðunarmaður reikninga gerði grein fyrir endurskoðunarvinnu á reikningum félagsins. Halla kvað allt vera í góðum farvegi, skýrslur skýrar og vel fram settar. Þá sagði hún skoðunarmenn hafa fengið fullnægjandi skýringar á hækkunum s.s. vegna lögfræðikostnaðar.

Ársreikningur KVH var borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Vísindasjóðs KVH var borin undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

3. Skýrslur og tillögur nefnda.

Engar sérnefndir á vegum félagsins störfuðu á liðnu starfsári.

4. Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur félagsstjórnar.

5. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf.

Skv. lögum KVH er kjörtímabil aðalmanna í stjórn tvö ár en varamanna í stjórn eitt ár. Haga skal kosningu þannig að kosið sé til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta. Á aðalfundinum að þessu sinni voru embætti ritara og eins meðstjórnanda laus sem og embætti varamanna.

Í framboði til ritara var Ragnheiður Ragnarsdóttir og í framboði til meðstjórnanda var Guðfinnur Þór Newman. Þau voru því bæði réttkjörin til tveggja ára. Sæmundur Hermannsson, Hjálmar Kjartansson og Björn Bjarnason gáfu kost á sér í embætti varamanna til eins árs og allir sjálfkjörnir.

6. Lagabreytingar.

Stjórn lagði fram tillögur til lagabreytinga á tveimur lagagreinum.

Breytingartillaga að 10. grein laganna:

Í lok annarrar málsgreinar 10. greinar laganna, um stjórn og félagsfundi, bætist við svohljóðandi setning: „Kjósa skal um hvert embætti fyrir sig.“ Málsgreinin í heild hljóði því þannig:

„Kjóri aðalmanna í stjórn félagsins skal haga þannig að aldrei sé skipt um alla stjórnarmenn í einu. Þannig skal kjósa til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta. Kjósa skal um hvert embætti fyrir sig.“

Tillagan var borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga að 16. grein laganna:

Greinin verði einfölduð og færð til samræmis við núgildandi framkvæmd. Greinin hljóði svona: „Umboð til að gera kjarasamninga í nafni félagsins er hjá samninganefndum þess. Stjórn skipar í samninganefndir félagsins og formann hvernar nefndar fyrir sig. Samninganefnd skipar fulltrúa í samninganefndir sem eru sameiginlegar með öðrum aðilum. Verkefni samninganefndar eru:

- a) Að undirbúa kröfugerð félagsins vegna kjarasamningaviðræðna.
- b) Að sjá um framkvæmd viðræðna og annarra samskipta við viðsemjendur.
- c) Að ganga frá kjarasamningum og undirrita þá með fyrirvara um samþykki þeirra félagsmanna sem undir samninginn heyra.
- d) Að kynna félagsmönnum kjarasamninga og sjá um að þeir sem samningurinn nær til fái kynningu á ákvæðum hans og áhrifum.
- e) Að sjá um að samningar séu bornir undir atkvæði viðkomandi félagsmanna.
- f) Framkvæmdastjóri KVH og/eða starfsmenn félagsins sitja í samstarfsnefndum með viðsemjendum til að fjalla um ágreining ef upp kemur um túlkun á kjarasamningi, réttindum eða framkvæmd aðalkjarasamnings, auk þess að fylgja eftir bókunum kjarasamninga.

Allir kjarasamningar sem gerðir eru í nafni KVH skulu undirritaðir af samninganefnd félagsins.“

Tillagan var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðun félagsgjalda.

Tillaga stjórnar KVH að félagsgjöld verði áfram óbreytt, þ.e. 0,6% af heildarlaunum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þá óskaði stjórn eftir heimild frá aðalfundi til að ákveða árlega hámark á reglubundnum, mánaðarlegum félagsgjöldum. Formaður gerði grein fyrir rökum að baki tillögu stjórnar um hámark félagsgjalda. Til umræðu hefur verið í stjórn að setja hámarkið nú við 9.000 kr.

Nokkrar fyrirspurnir komu í kjölfarið, svo sem um kostnaðinn (tekjutap) við að breyta þessu viðmiði og var þeim fyrirspurnum svarað.

Tillaga stjórnar var borin upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt með meiri hluta atkvæða. Tveir greiddu atkvæði á móti. Einn félagsmaður sat hjá.

8. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins

Gjaldkeri fór yfir rekstraráætlun KVH fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir 2,2 milljóna króna hagnaði á árinu.

Fundarmaður lagði til að í ljósi þess að tekjur félagsins aukist jafnt og þétt samfara fjölgun félagsmanna væri rétt að skoða að fjölga starfsmönnum skrifstofunnar. Með því móti mætti flytja vinnu frá stjórn yfir til starfsmanna KVH. Formaður tók undir ábendinguna. Benti jafnframt á að skoða mætti hvort formaður félagsins ætti að vera starfandi formaður. Huga þyrfti að nýjum framtíðarverkefnum félagsins en KVH gerir ráð fyrir fjölgun félagsmanna á næstu árum.

Hann gat þess m.a. að unnið væri að því að auðvelda viðskiptafræðingum að ganga í félagið með því að tryggja réttindi á biðtíma ávinnsuréttar í Sjúkrasjóð BHM.

Spurt var um störf sérfræðings við reiknilíkan um launaþróun félagsmanna og launaþróun á vinnumarkaði almennt. Formaður greindi frá því að í byrjun árs hafi þessi vinna staðið yfir og miðist einkum að því að greina launaþróun félagsmanna sem starfa á almennum vinnumarkaði og hjá sveitarfélögum, en fyrir hendi eru greinargóðar upplýsingar um launaþróun hjá ríki. Upplýsingarnar munu nýtast KVH í komandi samningaviðræðum og til upplýsingagjafar til félagsmanna.

Rekstraráætlun borin upp til atkvæða, samþykkt samhljóða.

Formaður gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu KVH 2018 – 2019. Í kjölfarið bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu:

„Stjórn KVH leggur til að fjárfestingarstefna verði óbreytt fyrir næsta starfsár. Eingöngu er heimilt að fjárfesta í ríkisverðbréfum.“ Tillagan var borin undir félagsmenn og samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Félagsmaður frá ríkisstofnun kvað sér hljóðs og vildi sérstaklega þakka starfsmönnum KVH fyrir faglega vinnu og framgöngu við stofnanasamningagerð.

Félagsmaður beindi því til stjórnar fyrir næstu kjarasamningagerð við opinbera viðsemjendur að félagsmönnum verði tryggður sá réttur að geta valið sér lífeyrissjóð. Formaður greindi frá því að framkvæmdastjórar LSR og Brúar hefðu sett fund með Formannaráði BHM. Þeir hefðu lagt áherslu á að í næstu kjarasamningum þurfi að huga vel að þessu atriði. Hafa verður í huga að hvert stéttarfélag þarf að semja sjálft um þetta ákvæði.

Spurt var hvers vegna skylduaðild væri að lífeyrissjóðum á opinberum vinnumarkaði þegar búið væri að afnema hana úr lögum. Í svari formanns kom fram að skylduaðildin stæði þar til núgildandi kjarasamningar rynnu út.

Fleira ekki gert.

Fundi formlega slitið kl. 13:20

Verkefnastjóri KVH sýndi við lok fundar nýtt kynningarmyndband KVH sem er liður í auglýsingaherferð KVH. Mun birtast á Youtube, heimasíðu KVH og Facebook. Eins var greint frá nýrri heimasíðu KVH sem verður tilbúin á næstu dögum.

Stefna Þór Björnsson
Þingir Guðjónsson
Helga P. Spundardóttir
G. Newman